VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

# Vilji er ekki allt sem þarf

## Aðgerðir til einföldunar regluverks



**Björn Brynjúlfur Björnsson**,
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Hádegisverðarfundur FLE
7. október 2015

# Yfirlit

**Áhrif regluverks**

Hvar stöndum við?

Hvernig hafa úrbætur gengið?

# Regluverk getur bæði haft jákvæð og neikvæð heildaráhrif

**Regluverk á að...**

- Skipta sköpum fyrir framþróun atvinnulífsins
- Skapa stöðugleika og gefa markaðnum reglur til að spila eftir
- Auka traust og greiða fyrir viðskiptum
- Tryggja að vörur/þjónusta með jákvæðum ytri áhrifum sé veitt, t.d. Menntun
- Draga úr neikvæðum ytri áhrifum, t.d. mengun

**Ýta undir vöxt hagkerfisins**

**Regluverk á ekki að ...**

- Vernda fyrirtæki fyrir samkeppni
- Draga úr vaxtarmöguleikum fyrirtækja og sókn þeirra á nýja markaði
- Skapa háan viðskiptakostnað fyrir fyrirtæki og opinbera aðila
- Leiða af sér að fyrirtæki hafi síður kost á að aðlagast tækninýjungum eða bregðast við þörfum neytenda

**Hafa neikvæð áhrif á skilvirkni samfélagsins**

Heimildir: OECD, *Regulatory Reform and Competiveness in Europe*, 2000; Swedish Agency for Growth Policy Analysis, 2010

# Gæta þarf þess í hvert sinn að ávinningur nýrra reglna sé meiri en heildarkostnaðurinn …

Kostnaður og ávinningur nýrra reglna




- Þessir þættir skapa **kostnað í formi tíma og fyrirhafnar**
- Ávinningur þarf að **vega upp allan kostnaðinn**

# … og tryggja jafnframt að eftirlitið keyri ekki úr hófi fram

## Dæmi um heimsóknir eftirlitsaðila í fyrirtæki hérlendis



# Beinn kostnaður vegna regluverks er umtalsverður en óbeini kostnaðurinn er það sem mestu skiptir

Niðurstöður útttektar Hagfræðistofnunar (20014)

## Beinn kostnaður

Ma. kr. (verðlag 2015)




## Óbeinn kostnaður

Þróun framleiðni á Íslandi

- Hagfræðistofnun mat neikvæð áhrif regluverks á framleiðni allt að 143 ma. kr. á ári
- Framleiðni hefur **aukist hægt** á Íslandi undanfarin ár



# Kostnaður vegna regluverks getur skipst með ófyrirséðum eða ójöfnum hætti á milli aðila

## Regluverk getur haft óvæntar afleiðingar...



- Ýmis dæmi eru um að **afleiðingar regluverks gangi þvert á markmið** þeirra
  - **Byggingareglugerð** er ætlað að verja hagsmuni eigenda/leigjenda en hefur hækkað byggingakostnað verulega
  - **Iðnlöggjöf** er ætlað að vernda neytendur gagnvart fúski en hefur leitt til hærra verðs fyrir innlenda þjónustu

## ... og kemur harðast niður á minni aðilum

**Hlutfallslegur kostnaður**
% af heild (0-9 starfsmenn=100)




**Stærð fyrirtækis**
fjöldi starfsmanna

- Hlutfallslegur **regluverks- og eftirlitskostnaður lækkar hratt með aukinni stærð** fyrirtækja
- Samkvæmt úttekt Hagfræðistofnunar frá 2004 er **kostnaður smærri fyrirtækja allt að fimmfalt hærri** en annarra

Heimildir: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands

# Þá gerir mikið umfang og tíðar breytingar smærri fyrirtækjum erfiðara fyrir að starfa en áður

## Reglugerðir í gildi




## Fjöldi breytinga á reglugerðum




1 Áætlun Viðskiptaráðs.Í byrjun október höfðu317 reglugerðir verið settar. Miðað við að tíðnin haldist óbreytt út árið verða reglugerðirnar orðnar 423 í lok árs.

# Yfirlit

Áhrif regluverks

**Hvar stöndum við?**

Hvernig hafa úrbætur gengið?

# Í samkeppnishæfniúttekt IMD ríkir meiri óánægja með skilvirkni regluverks en á öðrum Norðurlöndum

Niðurstöður samkeppnishæfniúttektar IMD (2015)



# Þá hefur verið bent á brotalamir við mótun regluverks hérlendis hjá Samráðsvettvangi um aukna hagsæld

**Samræmi í stefnu við reglusetningu**

Skali 0 -20, 20=mest samræmi




**Áskoranir**

- Skortur á kröfu um að **litið sé til alþjóðlegra staðla og reglna** áður en reglusetning fer fram
- Skortur á kröfu um að **frávik séu útskýrð**
- Engir **samræmdir árangursmælikvarðar** innan ráðuneyta til að sporna gegn reglubyrði
- Regluverk er **of sjaldan endurskoðað** með tilliti til breyttra aðstæðna (engin sólarlagsákvæði)
- **Aðlögunartími regluverks** er oft skammur

**Afleiðingar**

- **Fjórar nýjar reglugerðir, lög eða önnur fyrirmæli á dag**, allan ársins hring, frá aldamótum
- Innleiðing tilskipana og reglugerða **gengur lengra í reglubyrði** en þörf krefur (EES plús)
- Áhrif breytinga á regluverki eru **ófyrirsjáanlegri og kostnaðarsamari** en ella

Heimildir: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands

# Ýmsar áskoranir í umgjörð regluverks og eftirlits má rekja til viðhorfa og hvata innan stjórnsýslu

**1 Áhættufælni**

- Tjón vegna ófullnægjandi regluverks er mun áþreifanlegri en tjón vegna íþyngjandi regluverks. Embættismenn hafa því **hvata til áhættufælni og miðstýringar.**
  - D: Áhersla á leyfi fremur en tilkynningarskyldu

**2 Sveigjanleiki**

- Lagabókstafurinn hefur gjarnan forgang á meðalhóf, enda **að mörgu leyti einfaldara**.
  - D: Pappírsdiskar á Austurlandahraðlestinni

**3 Kostnaðar-vitund**

- Skortur á **árangursmælikvörðum** skapar takmarkaðan hvata til kostnaðarvitundar í tengslum við reglubyrði.
  - D: Lágmarksstærð á íbúðum/hjónaherbergjum

**4 Leiðsögn**

- Skortur á **trausti gagnvart atvinnulífinu** virðist koma í veg fyrir fyrirbyggjandi leiðsögn og upplýsingagjöf.
  - D: Gjaldeyriseftirlit, SKE og RSK

**5 Metnaður**

- Persónulegur metnaður embættismanna **getur staðið í vegi fyrir jákvæðum breytingum** (t.a.m. ef það dregur úr umfangi verkefna eða vægi stofnana)



# Þá þyrfti fyrirkomulag stofnanaumhverfis að taka meira tillit til smæðar hagkerfisins

## Eftirlitsstofnanir verða óhjákvæmilega hlutfallslega stórar vegna smæðarinnar…

**Starfsmenn SKE á hverja milljón íbúa**




## … en engu að síður er reynt að viðhalda kerfi í takt við mun stærri hagkerfi

Starfsmenn á hverja milljón íbúa

Fjármálaeftirlitið

Umhverfisstofnun

Matvælastofnun

Umboðsmaður skuldara

Neytendastofa

Talsmaður neytenda

Mannvirkjastofnun

Fiskistofa

Fjölmiðlanefnd

Skipulagsstofnun

Vinnueftirlit

Umferðarstofa

Siglingastofnun

Flugmálastjórn

Samgöngustofa

Orkustofnun

Geislavarnir ríkisins

Lyfjastofnun

Landlæknir

Ferðamálastofa

Jafnréttisstofa

Póst – og fjarskiptastofnun

Einkaleyfastofan

Heimild: Viðskiptaráð Íslands; vefsíður eftirlitsstofnana

# Yfirlit

Áhrif regluverks

Hvar stöndum við?

**Hvernig hafa úrbætur gengið?**

# Núverandi ríkisstjórn hefur lýst yfir skýrum vilja til að einfalda regluverkið

## Einfalda og auka skilvirkni regluverks atvinnulífsins



*„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.*

*Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.“*

Heimildir: Stjórnarsáttmáli, government.is (ljósmynd)

# Aðgerðaáætlunin sem lögð var fram í kjölfarið byggir á þremur meginþáttum

1. Að **einfalda gildandi regluverk** með úttekt á núverandi stöðu og mati á aðgerðum til úrbóta
2. Að **stemma stigu við nýjum íþyngjandi reglum** með bættu verklagi við lagasetningu
3. Að **tryggja eftirfylgni** með framvindu verkefnisins og markmiðum þess



# Auka má líkur á innleiðingu árangursríka aðgerða með því að forgangsraða þeim út frá áhrifum og framkvæmanleika



# Til að einföldun regluverks fái brautargengi þarf bæði pólitíska forystu, gagnsæi og eftirfylgni með framvindu




- **Opinber yfirlýsing** um hvaða reglur verða settar í forgang í viðkomandi ráðuneyti
- **Útdeiling verkefna til ábyrgðar-manna** með hliðsjón af forgangsröðun ráðherra
- **Upplýsinga-gjöf um fram-vindu** við einföldun reglna , t.a.m. á opinni vefsíðu
- **Eftirfylgni með inn-leiðingu með vörðum** og opinberri skýrslugjöf til ráðherra

# Sú stefnumótun sem kynnt var fyrir ferðaþjónustu í gær getur nýst sem fyrirmynd

## Skipulag við innleiðingu tillagna í Vegvísi í ferðaþjónustu






VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

